

Nd.

33. Frumvarp til laga

[33. mál]

um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenskra ríkisborgara eða neyzlu slíkra réttinda við fyrirfarandi búsetu eða dvöl hér á landi.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Ákvæði í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenskra ríkisborgara eða neyzlu slíkra réttinda við fyrirfarandi búsetu eða dvöl hér á landi, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stjórnarskrá og almennum lögum eru ýmis ákvæði þess efnis, að réttindi og neyzla réttinda eru bundin því skilyrði, að aðili, sem hlut á að máli, hafi tiltekinn tíma verið heimilisfastur hér á landi. Samkvæmt 33. og 34. gr. stjórnarskrárinnar og 1. og 4. gr. laga nr. 80/1942 er það þannig skilyrði fyrir kosningarrétti og kjör- gengi, að aðili hafi verið búsettur hér á landi 5 síðustu árin, áður en kosning fer fram. Þá má nefna, að eins ár heimilisfesti hér á landi er skilyrði, sem fullnægja verður til þess að fá verzlunarleyfi, leyfi til veitingasölu og gistihúshalds og iðjuleyfi og iðnaðar, sbr. 3. gr. laga nr. 52/1925, 3. gr. laga nr. 21/1926 og 3. og 17. gr. laga nr. 18/1927. Enn má nefna, að það er skilyrði fyrir því, að maður fái skip sitt skráð hér á landi, að hann hafi verið búsettur hér eitt ár, ef hann er íslenskur ríkisborgari, en ella fimm ár, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1930. Ástæður þær, sem lágu til grundvallar ákvæðum þessum, eru nú orðið ekki fyrir hendi, að því er íslenska ríkisborgara varðar. Er því lagt til, að slík ákvæði í almennum lögum verði úr gildi numin, að því er tekur til atvinnuréttinda. Frumvarpið miðar að því að fella úr gildi ákvæði þau, sem hér er um að tefla, einungis að því leyti sem þar er kveðið á um fyrirfarandi búsetu sem skilyrði fyrir atvinnuleyfi eða atvinnuréttindum íslenskra ríkisborgara. Hins vegar er til þess ætlazt, að skilyrði laga um heimilisfesti eða búsetu, þegar leyfi er veitt eða réttinda neytt, skuli áfram vera í gildi.